

Skýrsla stjórnar FaMos fyrir starfsárið 2019-2020

Á síðasta aðalfundi voru Kristbjörg Steingrímisdóttir og Margrét Jakobína Ólafsdóttir kosnar í stjórn til tveggja ára og Halldór Sigurðsson og Jóhanna B. Magnúsdóttir kosin varamenn til eins árs. Áfram sátu Ingólfur Hrólffsson formaður, Úlfhildur Geirsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir, en þau voru kosin til tveggja ára á aðalfundi 2018. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Úlfhildur er varaformaður, Snjólaug ritari og Margrét gjaldkeri. Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 11 formlega fundi.

Nefndir félagsins hafa unnið mikið og gott starf á árinu. Hér á eftir munu formenn nefndanna gera grein fyrir því.

Grétar Snær Hjartarson, almannatengill eða fjöltengill FaMos, vinnur gott og mikilvægt starf við að senda tilkynningar á félagsmenn og við að halda utan um félagaskrána.

Við lentum í nokkru basli í byrjun árs í samskiptum okkar við Arion banka. Það kom upp misskilningur við að setja kröfur á félagsmenn í innheimtu í bankanum. Þetta leiddi til þess að bankinn gerði kröfu um hærrí kostnað en við gátum sætt okkur við. Það var síðan leiðrétt og með mikilli vinnu gjaldkera komumst við yfir þetta.

Öldungaráð, samráðsvettvangur FaMos, Mosfellsbæjar og Heilsugæslunnar, komst af stað í maí 2019. Haldnir hafa verið 6 fundir. Tíminn hefur farið í að ræða stefnu í málefnum eldri borgara og er hún nú til afgreiðslu í fjölskyldunefnd. Satt best að segja finnst okkur hlutverk öldungaráðs óljóst og tengslin við bæjarkerfið veik. Vonandi þróast þetta í rétta átt.

Stjórnin samþykkti að leggja Gráa hernum til 50.000 kr. til að stofna sjóð sem þarf til að hægt sé að fara í mál við ríkið vegna tekjutenginga í almannatryggingakerfinu. Nú nýlega samþykktum við að leggja Grá hernum til 100.000 kr. til viðbótar til greiðslu lögfræðikostnaðar. Félögum FaMos var einnig send beiðni um fjárframlög.

Fulltrúar félagsins sóttu landsfund Landssambands eldri borgara (LEB) síðastliðið vor. LEB beitir sér kröftulega fyrir réttindum eldri borgara þó hægt gangi á stundum. Miklar upplýsingar má finna á vef LEB og hvet ég félagsmenn til að skoða vefinn. Ingólfur Hrólffsson var kosinn varamaður í stjórn LEB.

Starfið í félaginu hefur verið gott síðastliðið starfsár. Margt er unnið í nánú samstarfi við Félagsstarf Mosfellsbæjar. Samstarfið er mjög gott enda stefna allir í sömu átt, að gera tilveruna ánægjulegri fyrir eldri borgara.

Mjög góð þátttaka er í íþróttastarfinu og er ánægjulegt að sjá hve margir nýta tækifærið, en iðkendur eru nú orðnir um 200. Þátttaka í opnu húsi hefur einnig aukist og hefur stundum verið þröngt um okkur hér í Hlégarði. Námskeið Menningar- og skemmtinefndar hafa notið vinsælda.

Nú er nýlokið námskeiði um Mosfellsheiðina. Ferðanefndin hefur staðið fyrir vinsælum ferðum sem fyllast á met tíma. Spilamennska, bingó, jóga, línudans, leikfimi og golf hafa haldið sínu, en skákáhugi hefur reynst lítill. Nýhafin er danskennsla, sem lofar góðu. Velheppnað endurminningaleikhús starfaði í haust. Vonandi tekst að halda því áfram en það er þó óljóst eins og er. Nýverið hófst tilraun með spjaldtölvunámskeið, sem vonandi getur orðið framhald á. Nýir gönguhópar byrjuðu eftir áramót og virðist mikill áhugi vera fyrir þeim.

Rauði krossinn, í samstarfi við Mosfellsbæ, er að koma af stað verkefni sem kallast „karlar í skúrum“. Bærinn leggur til húsnæði, Rauði krossinn leiðbeinir um starfið, annað verður í höndum þeirra sem nota sér aðstöðuna.

Félagar í FaMos eru nú orðnir um 620. Er ánægjulegt að sjá hve margir ganga í félagið. Það er þó varla nema þriðjungur sem tekur virkan þátt í starfi félagsins. Við viljum fá alla með og fögnum nýju fólki sem tekur þátt í starfinu og kemur með nýjar hugmyndir.

Ég vil að lokum þakka Leifi Kr. Jóhannessyni fyrir 18 ára starf sem skoðunarmaður félagsins. Það er einstakt að menn endist svo lengi í starfi. Gefum honum gott klapp.